

Þingsályktun

um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins að láta kanna hvernig unnt sé að auka samstarf og samvinnu Íslendinga, Færeyinga og Grænlandinga á sviði markaðsmála og viðskipta. Sérstaklega verði athugað hvernig þjóðirnar, með auknu samstarfi og bættem samgöngum sín í milli, geti styrkt stöðu útflutningsstarfsemi sinnar og aukið innbyrðis viðskipti.

Endanlegar niðurstöður þessara athugana skulu lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok 1988 en bráðabirgðaniðurstöður unnar fyrir mitt sumar fyrir Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Samþykkt á Alþingi 11. maí 1988.

